



REGLUGERÐ UM STIGAMÓT

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst fyrir stigamótaröð sem samanstendur af Íslandsmótinu í golfi, Íslandsmótinu í holukeppni, auk annarra móta samkvæmt ákvörðun stjórnar GSÍ.

Keppnistímabil stigamóta er frá vori til hausts.

2. gr.

GSÍ hefur yfirumsjón með framkvæmd Íslandsmóta, samanber reglugerðir um þau. Framkvæmd annarra stigamóta er á höndum viðkomandi klúbbs. Framkvæmd mótanna skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

3. gr.

Viðkomandi klúbbar ákveða þáttökugjöld annarra stigamóta en Íslandsmóta. Klúbburinn sem heldur mótið á hverjum tíma sér um innheimtu og þáttökugjald rennur alfarið til klúbbsins.

4. gr.

Mótsstjórn ákveður skráningarfrest í stigamótum, en getur þó heimilað þátttöku, berist tilkynning síðar enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótunum. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

2. kafli

6. gr.

Keppt er í flokki karla og kvenna, höggleikur án forgjafar Þáttökurétt í stigamótum hafa jafnt áhugamenn sem atvinnumenn. Keppendur skulu vera félagar í viðurkenndum golfklúbbi. Mótsstjórn ákvarðar hámarksfjölda keppenda og skal tilhögun mótsins auglýst í keppnisskilmálum og með hæfilegum fyrirvara.

Í karlaflokki er hámarksforgjöf 5,5 og í kvennaflokki 8,5. Ef fjöldi skráðra leikmanna fer yfir hámarksfjölda ræður forgjöf kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur því hverjir komast inn í hvorn flokk, þ.e.a.s. þeir kyllingar sem fjærst eru forgjafarmörkum í sínum flokki. Þó skulu að lágmarki 25% af hámarksfjölda keppenda fá þáttökurétt í hvorum flokki, að



teknu tilliti til stærðar ráshópa. Ef hámarksfjöldi keppenda er t.d. 90 skulu að lágmarki 24 keppendur fá þátttökurétt í hvorum flokki. Standi val á milli keppenda með forgjöf jafnlangt frá forgjafarmörkum skal hlutkesti ráða.

Mótsstjórn er auk þess heimilt að setja reglur um sértækan þátttökurétt, t.d. að staða á stigalista ráði þátttökurétti, með vali keppenda af heimslistum atvinnumanna og áhugamanna og með vali boðsgesta. Keppendur sem öðlast þátttökurétt með þessum hætti vinna sér inn stig á stigalista.

7. gr.

Hvert stigamót, að Íslandsmóti í holukeppni undanskildu, skal vera að lágmarki 36 holar. Mótsstjórn skal kynna tilhögun mótsins í keppnisskilmálum og jafnframt auglýsa það með hæfilegum fyrirvara. Mótsstjórn er heimilt að hafa niðurskurð í mótinu að loknum 18 og/eða 36 holum. Reglur um niðurskurðinn skulu þá koma fram í keppnisskilmálum.

Skyld er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst einn dag fyrir mót.

8. gr.

Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í efsta sæti skal leikinn bráðabani. Ekki er leikið sérstaklega um önnur sæti, heldur teljast viðkomandi jafnir. Þetta ákvæði á þó ekki við um Íslandsmótið í golfi, sbr. reglugerð um það mót.

9. gr.

Stig eru reiknuð eins og fram kemur í viðauka II.

Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í stigamóti skiptast þau stig sem til falla jafnt milli keppenda. Í þeim tilvikum þegar leikið er um einstök sæti skulu stig sem tilheyra því sæti fara óskert til þess keppanda sem hlýtur sætið.

10. gr.

Stigameistarar í flokki karla og í flokki kvenna eru þeir kylfingar sem eru efstir að samanlögðum stigum eftir lokamót keppnistímabilsins. Ef tveir eru jafnir telst sá sigurvegari sem efstur hefur orðið í fleiri mótum og ef þeir eru enn jafnir þá sigrar sá sem hefur lægra heildarskor úr stigamótunum. Fáist ekki úrslit með þessu móti ræður hlutkesti.

11. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 20. mars 2023.



VIÐAUKI I

Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótanna.

1. Fánar

Á mótssstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ.

2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsingu allra ráshópa.

3. Holustaðsetningar

Leikmenn skulu fá afhent holustaðsetningablöð við ræsingu.

4. Skil skorkorta

Afmarka skal sérstakt skilasvæði skorkorta (helst lokað herbergi). Þar skal fulltrúi mótsstjórnar taka á móti öllum leikmönnum að leik loknum og aðstoða þá við frágang skorkorta. Starfsmaðurinn skal m.a. bera skor leikmanna undir þá og tryggja að engu sé ábótavant í útfyllingu skors og undirritun skorkorta.



VIÐAUKI II Stigatöflur

Sæti	Íslandsmót í golfi	Íslandsmót í holukeppni	Önnur stigamót
1	1.500	1.500	1.200
2	1.050	1.050	840
3	825	825	660
4	675	675	540
5	600	521	480
6	540	521	432
7	495	521	396
8	450	521	360
9	405	315	324
10	375	315	300
11	345	315	276
12	323	315	258
13	300	315	240
14	278	315	222
15	255	315	204
16	240	315	192
17	225	225	180
18	210	210	168
19	195	195	156
20	182	182	145
21	170	170	136
22	159	159	127
23	150	150	120
24	143	143	114
25	137	137	109
26	131	131	104
27	126	126	101
28	122	122	97
29	117	117	94
30	113	113	90
31	108	108	86
32	104	104	83
33	99	99	79
34	95	95	76
35	90	90	72
36	87	87	70
37	84	84	67
38	81	81	65
39	78	78	62



Sæti	Íslandsmót í golfi	Íslandsmót í holukeppni	Önnur stigamót
40	75	75	60
41	72	72	58
42	69	69	55
43	66	66	53
44	63	63	50
45	60	60	48
46	57	57	46
47	54	54	43
48	51	51	41
49	48	48	38
50	45	45	36
51	42	42	34
52	39	39	31
53	36	36	29
54	33	33	26
55	30	30	24
56	29	29	23
57	27	27	22
58	26	26	20
59	24	24	19
60	23	23	18
61	21	21	17
62	20	20	16
63	18	18	14
64	17	17	13
65	15	15	12
66	14	14	11
67	12	12	10
68	11	11	8
69	9	9	7
70	8	8	7